



Fréttabréf

Íslenska bútaumaumfélagið

Útgefandi Íslenska bútaumaumfélagið, Vorsabær 7, 110 Reykjavík
2. tbl. 17. árgangur 2017



Aðalfundur, vorferð og námskeið

Nú sláum við saman aðalfundinum, vorferðinni og námskeiðum. Höldum til Blönduóss og skemmtum okkur vel helgina 20. til 22. apríl 2018.

Dagskrá: Hótel Blanda Blönduósi.

Föstudagur:
20:00 Innskráning og samhringingur.

Laugardagur:
09:30-16:00 Námskeið í bútasami, nokkur námskeið. Sjá heimasíðu.
16:00-16:30 Kaffihlé.
16:30-18:00 Aðalfundur: Venjuleg aðalfundastörf og önnur mál um framtíð félagsins.
19:00-23:00 Kvöldverður með skemmtiatriðum.

Sunnudagur:
09:30-12:00 Námskeið: Brjótast út úr hinu „hefðbundna“. Kennari er Sveina Björk Jóhannesdóttir.

12:00-14:00 Hádegisverður hjá Brimslóð, við hliðina á Hótel Blöndu.

14:00 Endum á að skoða refilinn og textilsafnið.

Góða ferð heim.

Kostnaður:
Hótel Blanda:
Eins manna herbergi: 13.900 kr. pr. nótt.
Tveggja manna herbergi: 15.470 kr. pr. nótt.
Matur og tvö námskeið: 25.000 kr.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku á netfangið fangurbjorg@gmail.com eða í síma 860 3929 fyrir 22. janúar 2018.

Allar nánari upplýsingar verða sendar til þátttakenda þegar nær dregur.

Stjórnin

Fundir í félaginu haust og vetur 2017–2018

Fundardagar verða í Bústaðakirkju og hefjast fundir kl. 19:30.

27. september

Borghildur Ingvarsdóttir - Kúvending í hennar lífi. Birmingham í máli og myndum.

25. október

Aðalbjörg Hafsteinsdóttir - Óróar og annað handverk.

29. nóvember - Jólafundur

Sr. Helga Soffía Konráðsdóttir flytur pistil. Innpakkaðar jólagjafir. 4x5“ ferninga til að setja í pott.

2018

27. janúar laugardagur

Saumafundur. Saumað frá kl. 10-16.

28. febrúar

Fyrirlestur, nánar auglýst síðar. Fundurinn hefst kl. 19:30.

20.-22. apríl

Aðalfundur og vorferð. Sjá sérstaka dagskrá.

Stjórnin

Er ekki kominn tími á að breyta til?

Stjórn ÍB ákvað í haust að halda næsta aðalfund úti á landi og varð Blönduós fyrir valinu.

Fella hann að vorferð sem nú er orðinn fastur liður á dagskránni. Heimsækja Heimilisiðnaðarsafnið og sjá refilinn sem verið er að sauma þar, en hann er um Vatnsdælasögu, auk annara hluta sem þar er að sjá.

Það verður eitt eða fleiri námskeið á laugardeginum fram að aðalfundi og eftir hann ljúkum við

deginum með kvöldverði og gamansögum.

Á sunnudagsmorgun verður Sveina Björk Jóhannesdóttir með stutt námskeið og svo fáum við hádegismat á Brimslóð Atelier sem er við hliðina á hótelinu. Nánar um þetta í dagskrá.

Við vonum að félagar taki þessari nýbreytni vel og fjölmenni á Blönduós.

Stjórnin

Efnisyfirlit

Aðalfundur, vorferð og námskeið	2
Sýning í Kanada	4
Hetjuteppi	4
Saumum hjartapúða	5
Hidden wells - faldir brunnar	7
Formaður félagsins í Birmingham	8
Sumarfrí á Austurlandi	10
Bókarkynning	11
Kennsla -snið	12
Klúbbur utan af landi	13
Listakonan Birna Baldursdóttir	14
Vorferð 2017	18
Snúrukörfur – leiðbeiningar	19
Sexkantar og smámunir í Ráðhúsinu	20
Birmingham – þar sem ævintýrin gerast	24
Myndir úr starfi	26
„Boundaries“ Mörk (innan/utan marka)	27
„Þræðir án marka“	27

Stjórn

Ragnheiður Björnsdóttir formaður
Jóhanna Finnbogadóttir gjaldkeri
Margrét Óskarsdóttir ritari
Dagbjört Guðmundsdóttir varaformaður
Kristín Lára Magnúsdóttir meðstjórnandi

Varamenn

Herdís Haraldsdóttir, Edda Ingvadóttir

Ritnefnd

Vigdís Stefánsdóttir ritstjóri
Svala Stefánsdóttir
Margrét Óskarsdóttir

Forsíðuteppið Fljúgðu

Höfundur: Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir

Útgefandi: Íslenska bútaumsfélagið
Ábyrgðarmaður: Ragnheiður Björnsdóttir
Ritnefnd: Svala K. Stefánsdóttir
Vigdís Stefánsdóttir
Myndvinnsla: Guðbjörg Sigurðardóttir
Heimilisfang: Vorsabær 7, 110 Reykjavík
Heimasíða: www.butasaumur.is
Facebook: Íslenska Bútaumsfélagið
Netfang: fingurbjorg@gmail.com
Umbrot: Davíð Gunnarsson
Prentun: Leturprent

Ágætu félagar

Framundan er viðburðaríkt ár innan Íslenska bútaumsfélagsins.

Félaginu hefur verið boðið að koma til Kanada með 100-120 verk á sýningu sem haldin verður í litlum bæ sem heitir Ailsa Craig og er nálægt Toronto. Þangað munu einnig fara fjórir til sex enskumælandi kennarar sem verða með nokkur stutt námskeið, hvert um það bil fjórar klukkustundir. Námskeiðin verða í „art quilting“ eða einhverju öðru sem þá tengist Íslandi sérstaklega. Til viðbótar verður hópurinn með kynningu á landi og þjóð í tali, myndum og hugsanlega líka tónum.

Nú þegar hefur verið sendur út tölvupóstur til allra félaga um að tilnefna verk á sýninguna. Einnig hefur verið auglýst eftir fólki sem vill kenna á ensku.

Þetta er einstakt tækifæri sem félagið fær, sér að kostnaðarlausu. Á hverju ári er eitt landið valið til að taka þátt og í ár var það Ísland. Það þarf að vanda vel til verksins eða verkanna, því miklar kröfur eru gerðar á þessari sýningu. Hún er stór í sniðum og mikill fjöldi gesta kemur til þess að skoða og fræðast um viðkomandi land.

Í apríl verður haldinn aðalfundur og að þessu sinni er fyrirhugað að hafa eina helgi með námskeiðum og skemmtilegheitum á Blönduósi. Nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

Viða um land eru starfandi saumaklúbbar sem koma reglulega saman og á nokkrum stöðum koma tveir klúbbar saman til að sauma, t.d. eina helgi. Það væri gaman að fá meiri upplýsingar um slíkar upptökur. Endilega hafið samband við félagið ef þið hafið fréttir og hugmyndir.

Framundan eru nokkur stór afmæli sem þarf að fara að undirbúa. Fyrst má nefna afmæli félagsins árið 2020 en þá verður félagið 20 ára. Á næsta ári eru 30 ár frá því að EQA hóf þátttöku á sýningunni í Birmingham og þarf að halda upp á það með því að sauma verk og senda á sýninguna. Á döfinni er bútaferð til Frakklands 2019 og fleira. Þau ykkar sem vilja leggja lið við undirbúninginn mega endilega hafa samband.

Á síðasta aðalfundi tókst hvorki að manna stjórn félagsins né ritnefndina. Þess vegna kemur haustblaðið svona seint og óvíst er að á næsta ári verði meira en eitt blað gefið út.

Það hefur sýnt sig að það er gaman að vera saman. Það sanna félagsfundir, ferðalög og sýningar. Ég vona að næsta viðburðaríka ár verði félaginu upplýfting og að félagsmönnum fjölgi áfram.

Ragnheiður Björnsdóttir, formaður

Nýtt

Stjórn félagsins ákvað að láta útbúa félagsskírteini fyrir félagsmenn sem greitt hafa árgjaldið. Með því fá félagsmenn afslátt, gegn framvísun kortsins, í nokkrum verslunum hér á landi og erlendis. Áfram munum við vinna að því að ná í frekari afslætti sem framvegis verða byrtir á heimasíðu félagsins.

Stjórnin

Sýning í Kanada

Kæru félagar. Eins og áður hefur komið fram í fjölpósti frá formanninum okkar, hefur félaginu verið boðið að setja upp sýningu í Ailsa Craig Quilt & Fibre Arts Festival í Kanada. Það er mikill heiður fyrir félagið að fá slíkt boð.

Í því felst að setja upp sýningu á 100-120 völdum verkum af ýmsu tagi ásamt því að halda fyrirlestra og kynna land og þjóð, bjóða uppá ýmiskonar námskeið

o.fl. Þetta er gríðarleg undirbúningsvinna og við verðum að leggja okkar af mörkum til að vel takist til og verði félaginu til framdráttar.

Stjórnin hefur tekið boðinu og hefur hafið undirbúningsvinnu og nú biðjum við félagsmenn að tilnefna verk sem þið eigið í ykkar fórum eða benda á verk félaga sem eru ykkur minnisstæð, til að senda til Kanada.

Stjórnin áskilur sér rétt til að velja úr

því sem tilnefnt er. Til að hafa tímann fyrir okkur þarf stjórnin að fá myndir sem allra fyrst eða fyrir lok janúar.

Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á vefslóðinni:

<http://www.ailsacraigquiltfestival.ca/Ailsa-Craig-Quilt-Festival>

-Sjá auglýsingu á bakhlið-

E.h. stjórnar

Dagbjört Guðmundsdóttir

Hetjuteppi



4. Aðalheiður og saumasystur. Stærð 140x170 cm.



19. Sunna Rey. Stærð 110x140 cm.



10. Skraddaralýsnar. Stærð 100x140 cm.

Saumum hjartapúða

Víða um heim eru saumaðir svokallaðir hjartapúðar sem ætlaðir eru þeim sem gengist hafa undir brjóstauppskurð. Þeir hafa fengið nafnið vegna þess hvernig þeir eru í laginu, líkjast hjarta. Þessir púðar eru ýmist einfaldir, þ.e. saumaðir og fylltir og lokað að því loknu eða tvöfaldir. Þá er saumað ytra byrði sem púðanum er stungið inn í. Auðvelt er að finna myndbönd og kynningar á þessum púðum með því að slá t.d. inn leitarorðin „heart pillows AND breast cancer“ eða „hertepuder til brystkræftoperereðe“.

Hér er ein slóð: https://www.youtube.com/watch?v=Z072j-_S1d4.

Á félagsfundum í september kom undirrituð með þá hugmynd að félagar í Íslenska bútasaumsfélaginu saumuðu



Nokkrir púðar sem bárust á félagsfundum og hafa verið afhentir Brjóstamiðstöð.




púða handa öllum konum sem gangast undir brjóstaaðgerð en það eru rúmlega 200 konur á ári. Þessu var vel tekið og hefur þegar verið ráðist í að panta borða sem hægt er að sauma í púðana. Þá er hægt að nálgast hjá formanni félagsins eða á félagsfundum.

Hér er snið af hjartapúðum en þeir geta verið af ýmsum stærðum og sniðið má vera frjálst, aðeins að það passi vel undir hendi.

Vigdís Stefánsdóttir










Fyrstu hjartapúðarnir afhentir hjúkrunarfræðingum á Brjóstamiðstöð Reykjavíkur.



Hidden wells - faldir brunnar

Auðveld aðferð við að gera falda brunna



Formaður félagsins í Birmingham

Um árabíl hefur formaður Íslenska bútasaumsfélagsins farið á sýninguna „Festival of quilt“ í Birmingham á Englandi. Árlega bjóða sýningahaldarar Evrópsku bútasaumsfélögunum að koma með tvær sýningar á svæðið, önnur undir yfirskriftinni *Fjölbreytileiki Evrópu* og hin er *Áskorun*.

Á næsta ári eru 30 ár frá því að bútasaumsýningar hófust í Birmingham og 29 ár síðan Evrópsku bútasaumsfélögin hófu að vera með. Þessarar tímamóta verður minnst á næsta og þarnaæsta ári með sérstökum þemaverkum.

Á sýningunni *Fjölbreytileiki Evrópu* er eitt verk frá hverju landi og sýna þau vel breytileika landanna. Í ár var verkið „Stælkjólar“ eftir Hjördísi Gunnarsdóttur sent sem verk Íslands.

Ár hvert senda saumafélagar í Íslenska bútasaumsfélaginu verk á sýninguna *Áskorun*. Þar eru mismunandi þemu og fjöldi verka. Í ár kom í okkar hlut og þriggja annarra landa „Áhrif frá Ohio-stjörnu“. Önnur lönd fengu aðrar blokkir. Voru það 16 verk sem fóru að þessu sinni og eru þau nú á ferðalagi milli aðildarlandanna og verða þar til sýnis. Hvert aðildarland getur óskað eftir að fá verkin til sýningar. Sýningar geta verið á mörgum stöðum í hverju landi.

Vegna þess að Ísland er ekki í Evrópu-sambandinu er alltaf viss áhætta við að



Verk Hjördísar Gunnarsdóttur var í sýningunni „Fjölbreytileiki Evrópu“.



Verið að setja sýningarnar upp.

senda verkin. Þau gætu stoppað í tolli eins og kom fyrir hjá fulltrúa norska félagsins að þessu sinni og voru því engin verk frá þeim. Til að fyrirbyggja að þetta komi fyrir okkar verk tek ég verkin alltaf með í handfarangri fram og til baka. Fulltrúar landanna mæta flestir á miðvikudag til að hengja verkin upp. Fimmtudag, föstudag og sunnudag skiptumst við svo á að vera í básunum til að fylgjast með og svara ef einhver vill vita eitthvað um verkin. Laugardagurinn fer allur í að sitja fund fulltrúa EQA og ræða um sýninguna og sammælast um næsta þema. Stendur sá fundur frá 09:00 og yfirleitt til klukkan 17:00. Eftir það fáum við okkur að borða.



Íslensku verkin í sýningunni „Áskorun“.



Svissneska verkið í sýningunni „Fjölbreytileiki Evrópu“.

Að sýningu lokinni á sunnudag þarf svo að taka verkin niður og pakka fyrir þá fulltrúa sem eru þegar farnir

heim. Ég hef komið til Birmingham á þriðjudegi eða mánudegi og farið heim á mánudegi til þess að geta haft verkin

í handfarangri. Einn kvöldverður ásamt fyrirlestri er í boði sýningahaldara þar sem EQA fulltrúarnir mæta allir. Formaður ÍB hefur eitthvert hlutverk alla dagana sem hann dvelur í Birmingham.

Það er gaman að koma til Birmingham og upplifa a.m.k. einu sinni á ævinni þessa sýningu, sem er alltaf fjölbreytt og skemmtileg. Auk þess eru mjög margar verslanir með margt skemmtilegt. Auk efna er svo margt annað sem nú er notað í tengslum við listaverk úr textil og hægt að telja sjálfum sér trú um að sé nauðsynlegt. Þá er eftir að nefna öll námskeiðin sem í boði eru meðan á sýningu stendur.

Hvet ég því alla félagsmenn að fara á þessa fjölbreyttu og skemmtilegu sýningu alla vega einu sinni. Margir félagsmenn hafa farið á nokkurra ára fresti þar sem sífellt eru ný verk til sýnis, ný námskeið og ný efni og tæki.



Verk unnið af tveimur. Sheila Scott og Tatyana Duffie, Ellon.

Ragnheiður Björnsdóttir, formaður

Vertu með okkur á

facebook®

<http://www.facebook.com/butasaumur>

www.butasaumur.is

Sumarfrí á Austurlandi



Gláðar á sólskinsdegi, Erna, Ásta, Þóra og Guðbjörg.



Fjölbreyttur bútasamur á leiksviði.



Margt fallegt að skoða.

Ísumar fór undirrituð í skemmtilega dagsferð með Ernu Nielsen og búta-
saumsvinkonum frá Egilsstöðum.

Ekið var austur til Arnhólsstaða í Skriðdal. Þar var búta-
saumssýning og kaffisala í félagsheimili Skriðdalshrepps sem er í nýlegri viðbyggingu við gamla félagsheimilið. Kvenfélag hreppsins hefur undanfarin ár staðið fyrir kaffisölu alla sunnudaga í júlí og boðið upp á ýmis konar menningarauka til viðbótar glæsilegri kaffiveislu af bestu gerð. Karlakórinn Dynjandi var t.d. með söngskemmtanir einn sunnudag í júlí á árum áður. Undanfarin sumur hefur svo Erna Nielsen sett þarna upp búta-
saumssýningar flestalla sunnudaga í júlí, á verkum nemenda sinna sem hún kennir búta-
saum á veturna í félagsheimilinu Hrymstöðum á Egilsstöðum.

Sýningin var falleg og fjölbreytt, verkin tóku sig vel út á leiksviði félagsheimilisins, þar sem þau voru hengd



Fuglarnir hennar Ernu Nielsen.

upp þétt og smekklega. Fjöldi manns kom til að njóta veitinga og sýningar, heimamenn, brottfluttir og ferðamenn.

Þessi samvinna búta-
saums- og kven-
félagskvenna á Austurlandi finnst mér góð hugmynd og gaman væri að frétta

hvort að fleiri svona verkefni séu í gangi á sumrin víðar um landið.

Margrét Ósk Árnadóttir

Bókarkynning

Fyrir nokkru áskotnaðist mér bók sem ég hafði haft augastað á frá því að hún var gefin út árið 2016 Þetta er bókin „Quilt with Tula & Angela. A start-to-finish guide to piecing and quil-

ting using color and shape“. Báðar eru þekktar í búta-
saumsheiminum og hafa gefið út nokkrar bækur. Tula er óhrædd við að nota liti og Angela bætir um betur með vel heppnuðum stungum og það er einmitt það sem heppnast mjög vel í þessari fallegu bók.

Þetta er einstaklega skemmtileg bók og vel uppsett. Í bókinni eru 17 uppskriftir eftir Tulu og 47 útfærslur af stungumynstrum eftir Angelu. Hver kafli hefst á hugleiðingum Tulu um þann lit sem er aðallitur verksins og Tula persónugerir hann. Talar um hann í þriðju persónu og er gaman að lesa þessa kafla áður en flett er á næstu síðu þar sem fjallað er um val á efninu í viðkomandi teppi. Myndir eru af efnisprufunum sem verða fyrir valinu í upphafi hvers kafla og útskýrt hvers vegna einmitt þessir litir urðu fyrir valinu. Mjög góðar leiðbeiningar eru

um hvernig á að skera efnin og sauma þau saman. Mikið af skýringarmyndum auðveldar alla samsetningu.

Þegar þessum kafla líkur í vinnslunni er komið að því að stinga teppið og þar er komið að hlutverki Angelu. Hún teiknar upp stungumunstrin svo auðvelt er að fara eftir þeim og í sumum verkanna er boðið upp á nokkrar útfærslur. Í upphafi bókarinnar skrifar Angela um hvaða tvinna henni finnst best að nota og upplagt að fara eftir því. Angela hefur unnið við að stinga teppi í langan tíma og er mjög fær á sínu sviði.

Verkin eru fjölbreytt, hexagon, bjálkamynstur, húsamynstur svo eitt-hvað sé nefnt. Bókin er fallega uppsett og mikið af myndum.

Bókin er 192 bls.

Útgefandi Fons&Porter.

ISBN-13: 978-1-4402-4545-9.

Margrét Óskarsdóttir



Kennsla -snið

Framhlið, bak og vatt - saumað í einu lagi

Þessi aðferð er einföld og skemmtileg og nýttist vel til að vinna upp afganga af efnum og vatti. Hægt er að gera hvort heldur einn ferning eða heilt teppi. Stærðin skiptir ekki máli, vattið þarf bara að vera saumfari minna en þríhyrningarnir.



1. Pulsan með 2" ræmunum tekin fram.



2. Valdar ljósar og dökkar ræmur til að nota sínu hvoru megin.



3. Einn 5" ferningur af vatti og tveir 5,2" ferningar, ljós og dökkur, skornir í tvennt horn í horn. Úr verða fjórir þríhyrningar.




4. Vattið lagt á bord og ljós þríhyrningur settur yfir annan helming þess. Og ofan á það er sett dökk ræma. Fest niður með tituprjónum. Vattinu snúið við og dökki þríhyrningurinn lagður yfir vattið í gagnstætt horn, miða við ljósa þríhyrninginn og yfir hann ljós ræma. Nú á þetta allt að saumast saman með einum saum yfir efnið. Saumurinn á að vera horna á milli. Þá er hægt að fletta t.d. dökku ræmunni yfir vattið og leggja næstu dökku ræmu á og sauma og fletta henni yfir vattið o.s.frv. Eins er farið að við ljósu ræmurnar. Um leið og ein ræma er saumuð stingst þríhyrningurinn á móti.



5. Þegar búið er að sauma svona fjóra ferninga er hægt að sauma þá saman með því að sauma í vél ræmu öðru megin og leggja niður í höndum á móti. Gera eins á báðum hliðum.

Klúbbur utan af landi



Óvissuverkefni 2000 ferkantaði dúkurinn og óvissuverkefni 2004 aflangi dúkurinn. Unnið á Ísafirði. Töskur unnar á Núpi 2001 og í Reykjanesi 2015.

Bútasaumsklúbburinn Þjötlurnar hélt sýningu í Safnahúsinu á Ísafirði í apríl 2017, í tilefni þess að klúbburinn fagnar 20 ára afmæli á árinu en hann var stofnaður 28. maí 1997. Á sýningunni voru öll óvissuverkefni sem klúbbfélagar hafa gert og verkefni sem hafa verið gerð á Suðureyri, Þingeyri, Núpi og í Reykjanesi á síðustu 20 árum.

Klúbburinn hefur haft það fyrir venju allt frá stofnun að hafa eitt óvissuverkefni á ári og hefur það verið í febrúar en nú höfum við fært það fram í mars. Það hafa margir klúbbfélagar komið að verkefnunum á einn eða annan hátt, annað hvort fundið skemmtileg verkefni eða bara hannað þau frá grunni. Dregið hefur verið í

þriggja manna nefndir sem sjá svo um verkefnið og hefur það gefist vel.

Á saumafundum sem verið hafa á Núpi og í Reykjanesi höfum við verið með lítið óvissuverkefni á föstudagskvöldin, verkefni sem tekur um 1-2 klukkustundir að gera. Það er alltaf mikil spennan í lofti þegar verkefnið er kynnt og hvað er verið að gera. Undantekningalítið er þetta eitthver nytjahlutur sem í mörgum tilfellum er hugarsmið einhverra klúbbfélaga.

Í mörg ár voru alltaf saumafundur á Suðureyri í apríl. Það voru nokkrar félagskonur sem búa á Suðureyri sem sáu um þann fund og voru alltaf með lítil verkefni, gjarnan eldhústengd og mjög skemmtileg og gaman að vinna þau.

Nú í seinni tíð hafa verið verkefni sem við köllum vissuverkefni, sem við höfum verið með á laugardegnum í Reykjanesi. Þá fá konur upplýsingar fyrirfram um hvað eigi að gera.

Eins og gefur að skilja eru þetta ófá verkefni sem unnin hafa verið í klúbbnum á þessum 20 árum. Og þess vegna fannst okkur tilvalið að hafa sýningu á þessum verkefnum um páskana í tilefni afmælisins.

Verkefni sem gerð hafa verið frá 1997-2016, óvissuverkefni og vissuverkefni eru samtals 49, og eru þá ekki talin með jóla-verkefni sem eru alltaf unnin í nóvember hvert ár. Þau eru samtals 20.

Margrét Óskarsdóttir

Listakonan Birna Baldursdóttir



Veggteppi, 130x140. Vængirnir eru lausir. Gert eftir mynd. Birna stakk þetta sjálf.



Nærmynd.

Birna Baldursdóttir er fædd og alin upp í Vestmannaeyjum og sér þess stað strax og komið er inn í fallega og rúmgóða íbúð hennar í Garðabænum. Við innganginn hangir teppi eftir hana, sem greinilega á sér fyrirmynd frá í Eyjum. Faðir Birnu var bankastjóri í Útvegsbankanum og bjó fjölskyldan á efri hæð bankans. Birna vann í Útvegsbankanum í 15 ár.

Birna hefur í gegnum tíðina vakið athygli heima og heiman fyrir einstaklega falleg bútasaumsverk sín. Hún hefur afar góða tilfinningu fyrir litasamsetningu og notar oft einföld form þar sem litir og stunga fá notið sín.

„Ég hafði lengi haft áhuga á bútasaumi áður en ég lét til skarar skriða,“ segir Birna þar sem við sitjum í notalegu

og afar vel skipulögðu saumaherbergi með útsýni til suðurs. „En ég hafði ekki kjark til þess fyrr en um það leyti sem bútasaumsfélagið varð til. Ég mætti á stofnfundinn og eftir það varð ekki aftur snúið.“

Birna hefur alltaf verið dugleg að fara á sýningar erlendis og segir mann sinn alltaf hafa verið hlyntan því. „Hann grínadist með þetta og sagði mig hafa bútapest“ segir hún. „Hann hafði samt ekki hundsvit á bútasaumi“ bætir hún við og



Jólararfa undir tré eða skraut.



brosir að minningunni. Birna var mikið til heimavinnandi, einkum eftir að yngsta barnið fæddist og notaði tímann til að æfa sig við ýmsar aðferðir sem hún lærði.



Birna heldur hér uppi nýju teppi sem hún hefur saumað. Þetta er flókið verk og fallett gert úr áströlskum efnun, Kaleidoscope. 120X120. Eigin hönnun og stakk Birna þetta teppi sjálf.



Karfa með haustlaufum.



Veggteppi 140x180. Eigin hönnun. Stungið af Halldóru Þormóðsdóttur.

bundin teppi heldur líka töskur, púða og ýmis smáverk eins og til dæmis körfur,“ segir hún og bendir á nokkrar fallegar körfur af ýmsum stærðum. Hún sýnir líka nokkrar töskur sem hún hefur saumað og er með í saumi. „Ég hef ekkert sérstakt í uppáhaldi,“ segir hún. „Mér finnst hið einfalda gott, að klippa ekki

„Ég hef ekki farið oft á námskeið en ef ég fer á sýningar þá nota ég tækifærið og horfi á þá sem eru að sýna. Það eru oftast vinnustofur og margir sem sýna aðferðir, þó það sé ekki beint námskeið. Mér finnst gaman að fylgjast með og læra af fólki og svo prófa ég það sem ég hef áhuga á af því.“

Einfalt er gott

Birna segist enga tölu hafa á því hvað hún hefur saumað mörg teppi eða verk. „Ætli það skipti ekki hundruðum“ segir hún hógværlega. „Þetta eru allskonar verk, lítil og stór, bútasamur og annað sem tengist bútasauri. Ég sauma ekki endilega hefð-



Jóladúkúkur 90x90. 3D laus og fyllt tré. Eigin hönnun og stakk Birna þetta teppi sjálf.



Dúkúkur 180x140. Eigin hönnun og stakk Birna þetta teppi sjálf.



Veggteppi 60x180. Eigin hönnun og stakk Birna þetta teppi sjálf.

of mikið niður heldur leyfa efnunum að njóta sín. Ég sting flest teppin sjálf og hef gert í gegnum tíðina en læt kannski stinga allra stærstu teppin fyrir mig.“

Birna er með útsaumsvél – Husquarna – sem hún segist nota mikið bæði í stungum og til að sauma með. Aðstaðan er góð, stórt borð fyrir skurð og hirslur fyrir efni og aðföng. Undir borðinu er skápur. „Það þarf reyndar að endurhanna þetta“ segir hún. Mig myndi langa í borð sem hægt er að hækka og lækka eftir aðstæðum hverju sinni. Saumavélin situr aðeins of hátt eins og hún er núna en þetta stendur til bóta.“ Í herberginu er líka tölva sem geymir mynstrin í vélina og lítið sjónvarp. „Ég nota stofuna ekki mikið,“ segir hún. Hér inni líður mér vel og hef allt sem ég þarf til að vinna með.“



Veggteppi, 150x120. Eigin hönnun og stakk Birna þetta teppi sjálf.

Húsóklúbburinn

Birna hefur verið í Húsóklúbbnum frá upphafi en sá klúbbur hefur aðstöðu í Heimilisíðnaðarskólanum. „Við hóuðum okkur saman nokkrar í upphafi og höfum verið saman síðan,“ segir hún. „Það er mikið saumað og enn meira talað en þetta er góður hópur.“



Jóladúk 100x100. Eigin hönnun og stakk Birna þetta teppi sjálf.



Jóladúkur. 125X125. Eigin hönnun og stakk Birna þetta teppi sjálf.

Þegar Birna er spurð að því hvaða efni séu í mestu uppáhaldi hjá henni, segist hún ekki geta svarað því. Þó sé hún hrifin af batik efnum og noti þau mikið og efnum frá Ástralíu. „Ég nota mest batik í það sem ég geri,“ segir hún. „En hér er t.d. verkefni sem ég er að vinna. Afar seinlegt reyndar, Kaleidoscope mynstur, og efnin eru frá Ástralíu“. Teppið sem hún bendir á lætur lítið yfir sér þar til farið er að skoða betur



Jóladúkur. 125X125. Eigin hönnun og stakk Birna þetta teppi sjálf.

mynstrið (sjá mynd). „Þetta tekur óhemju tíma en er mjög skemmtilegt í vinnslu,“ segir Birna og þá liggur næst við að spyrja hana hvort hún hafi sent teppi á sýningar eins og í Birmingham: „Já, nokkrum sinnum,“ svarar hún. „Mest lítil teppi en einu sinni stórt. Það er gaman að gera þetta og eiga hlut í þessum flottu sýningum,“ segir hún svo.

Fjölskyldan

Birna býr í Garðabænum og hefur gert það í 53 ár, eða frá 1964. Henni líður vel í Garðabæ og vill hvergi annars

staðar vera. Hluti af fjölskyldunni býr nálægt henni en hún á 3 börn, 2 stelpur og 1 strákur. Þau eiga svo 8 börn og barnabörn eru 3. Aldursbilið er breytt því barnabörnin eru frá 8 ára til fertugs. Allt þetta fólk á verk eftir Birnu eins og gefur að skilja og hefur hún gegnum tíðina lagt sig eftir því að sauma það sem henni finnst

henta hverjum og einum best.

„Mér finnst gott að vera hér í Garðabænum“ segir hún. „Það er stutt að fara yfir í Jónshús þar sem er starf fyrir eldri borgara alla daga. Ég kem helst á miðvikudögum og í handavinnuhornið en það er boðið upp á allskonar námskeið og vinnustofur. Ef



Jóladúkur 120x120. Eigin hönnun og stakk Birna þetta teppi sjálf.

eitthvað sérstakt stendur til fær maður póst um það. Í Jónshús kemur gríðarlega margt fólk og það er gaman að hitta þá sem maður þekkir þar. Svo syndi ég talsvert og er í sundklúbb sem kallar sig Vatnaliljurnar. Ég fer líka oft í sumar-bústaðinn sem er í Reykjum í Bláskóga-byggð og þar er ansi mikið af teppum og verkum,“ bætir hún við. Líklega situr hún sjaldan auðum höndum þar.

Vigdís Stefánsdóttir



Síðumúli 20 // 108 Reykjavík // storkurinn.is
facebook.com/storkurinn // instagram.com/storkurinn



Vorferð 2017



Hópurinn hjá geirfuglinum á Reykjanesi.

Laugardagsmorguninn 29. apríl var ljörð alhvít og töluvert hagléf þegar árrisulir risu úr rekkju en þennan dag hafði Bútasaumsfélagið ákveðið að fara í ferð um Suðurnes. En viti menn þegar hópur föngulegra kvenna mætti að Grensáskirkju reiðubúinn að taka sér þessa ferð á hendur birti til. Ragnheiður Björnsdóttir bauð alla velkomna og lagt var af stað á slaginu 9:30. Farin var Krýsuvíkurléiðin sem leið lá til Grindavíkur. Nú fór fjör að færast í leikinn, ákveðið hafði verið að fyrsta stopp yrði í hannyrðaversluninni Gallery Spuna. Þar var tekið vel á móti okkur og fundu flestar konur eitthvað sem þær „vantaði“ og fyrr en varði var kominn tími að halda förinna áfram. Þegar í rútna var komið fengum við þrjónaengil að gjöf sem þakklæti fyrir komuna í Gallery Spuna. Annar áfangastaður ferðarinnar var veitingastaðurinn Hjá Höllu þar sem allir settust að snæðingi og nutu veitinga. Í sama hús er tískuvörverslunin Palóma og þangað þustu ferðalangarnir að lokinni máltíð og náðu að bæta aðeins í fataskápa sína. Afgreiðsludömur Palómu tóku sérstaklega vel á móti

okkur, buðu upp á hinar ýmsu veitingar og þjónustulund þeirra var algjörlega til fyrirmyndar eins og allra sem tóku á móti okkur í ferðinni. Í Grindavík var einnig farið í Saltfisksetrið.

Ekki var hægt að fara á þessar slóðir án þess að fara og skoða svæðið við

Reykjanesvita. Austan við vitann er Gunnhver sem er þekktasti hverinn á svæðinu. Gunna þessi, sem hverinn dregur nafn sitt af, gekk aftur og var til mikilla vandræða uns hún var kveðin niður með því að senda hana í hverinn. Þarna blés mikið eins og við Reykjanesvita. Komið var að því að halda heim en ekki var annað hægt en að fá sér kaffi og með því svo stoppað var í Keflavík.

Fararstjórnin var í öruggum höndum Ragnheiðar sem fræddi okkur um jarðsögu svæðisins, sagði sögur og brandara. Einnig voru með í för félagskonur sem þekktu vel til og voru reiðubúnar að bæta í þekkingarsarp ferðakvenna. Ferðin var hin skemmtilegasta í alla staði, vel skipulögð og fræðandi. Þökk sé þessum frábæru konum sem skipulögðu ferðina.

*Bestu þakkir fyrir okkur,
Audur og Guðlaug Anna, félagagskonur í Bútasaumsfélaginu, og dæturnar Lilja og Þuríður sem fengu einnig að njóta þessarar frábæru ferðar.*



Þuríður, Guðlaug Anna, Lilja og Audur.

Snúrukörfur – leiðbeiningar

Það er sniðugt að nota afganga í snúrukörfur. Þær eru skemmtilegar, einfaldar í vinnslu og hægt að gera með öðru. Fyrst þarf að fá snúruna. Best er að nota bómullarsnúru, fremur þykka en auðvitað hægt að nota annars konar snúru líku. Hér er t.d. notuð nylon-þvottasnúra. Efnid er klippt eða skorið í ræmur, ca. 1½-1¾ að breidd (skáskorið

ef hægt er). Fyrst er endanum á efninu vafið um endann á snúrunni og brotið uppá. Gott er að líma þetta niður. Efninu vafið um snúruna (gott að hafa lengjurnar ekki of langar) og þegar kemur að enda en næsta lengja límd niður með eða fest með þrjóni. Síðan er byrjað að sauma saman með fremur gleiðu zikk-zakk spori eins og myndirnar sýna.

Sauma þarf þannig að nálin taki í báðu megin. Hægt er að forma körfurnar að vild og ræður botninn sem er flatur, því hvernig þær verða í laginu. Þegar botninn hefur náð æskilegri stærð, er farið að móta körfuna. Eins og sjá má af myndunum sem fylgja viðtalinu við Birnu, er hægt að skreyta körfurnar á ýmsa vegu.



Sexkantar og smámunir í Ráðhúsinu

Íslenska bútasaumsfélagið stóð fyrir Sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur 25.-28. maí í vor. Sýningin bar heitið Sexkantar og smáhlutir. Þegar sýningin var undirbúin var óskað eftir bæði stórum og smáum verkum. Sett var sem skilyrði að í verkunum væri sexkanta í einu eða öðru formi. Þátttaka var mjög góð, meðal annars komu verk erlendis frá auk þess sem verk komu alls staðar af landinu. Sexkantar eða hexagon formið kemur fram víða í náttúrunni, í húsa-gerðarlist og borgarhönnun. Hér kom það fram í textílverkum, stórum og smáum, bæði handsaumudum og vél-saumudum. Mögnuð listaverk, hvert öðru glæsilegra.

Einnig voru til sýnis teppi sem voru gefin af félagsmönnum til verkefnisins, Teppi handa hetju.

Sýningar eru mjög mikilvægar fyrir félagið, bæði eru þær góð kynning út á við, hvatning fyrir félagsmenn og sýna hvað við höfum fram að færa sem er alveg magnað að skoða.

Við fengum fjölda gesta, bæði innlenda og erlenda, sem báru mikið lof á verkin og vildu jafnvel kaupa verk.

Undirbúningsnefndin vill þakka öllum þeim sem komu að vinnu við sýninguna hvort sem er með því að setja sýninguna upp, yfirsetu eða annarri vinnu.

*Dagbjört
Guðmundsdóttir*



Anna Helgadóttir.





Sigríður Jóhannesdóttir Rínarfossar.



Lovísa Jónsdóttir Löber og veski



Hrönn Scheving.



Elsa Friðriksdóttir handunnið, hnytt eigandi.



Dagbjört og Ebenezer. Snakk.



Kristín Þórarinnsdóttir efra verkið.



Edda Ingvarsdóttir handunnið.



Dagbjört Guðmundsdóttir.



Guðný Kjartansdóttir. Jólagledi.



Birna Baldursdóttir.



Hjördis Gunnarsdóttir Blómagarðurinn hennar ömmu.



Lára Hjördis Halldórsdóttir Brotist út úr hefðinni.



Lovísa Jónsdóttir.



Sýning félagsins í Ráðhúsinu í vor 2017.

Birmingham – þar sem ævintýrin gerast

Enn einn ágústmánuður rann upp og það þýddi bara eitt, bútasaumsýningin í Birmingham!

Þangað var ferðinni einmitt heitið aðra helgina í ágúst og eins og oft áður var hlutfallslegur fjöldi Íslendinganna á sýningunni afar stór eða um 40 manns.

Það er afar þægilegt að gista í miðborginni, rétt við lestarstöðina og taka lestina á sýningarsvæðið. Reyndar líka þægilegt að gista á hóteli við sýning-



þetta augnkonfekt fyrir þann sem þjáist af sæmu tilfelli af bútapest...og smávegis af dýrdinni var fangað á filmu eins og sjá má hér í opnunni.

Það er óhætt að mæla með því að fara á sýninguna í Birmingham og enn betra að vera einhverja aukadaga til að skoða umhverfið og njóta þægilegs veðurfars í þessu ágæta landi – Englandi.

Vigdís Stefánsdóttir




arsvæðið og bregða sér þá með lestinni í bæinn ef verða vill.

Sýningin í ár hafði stækkað nokkuð frá því höfundur kom síðast fyrir nokkrum árum. Svæðið var öðruvísi skipulagt að því leyti til að verslanir voru nú dreifðar um sýningarsvæðið fremur en að vera allar saman. Þetta hentar vel og þó oft hafi verið þröngt nú með 26 þúsund gesti, var flæðið mun betra en áður.

Það er dálítið yfirþyrmandi að koma inn á sýningarsvæðið því það er mjög stórt. Höfundur hafði ætlað sér að skoða skipulega og byrja í einu horninu en sú ætlan rann fljótt út í sandinn. Eftir fyrsta daginn hafði tæpur fjórðungur sýningarinnar verið genginn og fæturnir orðnir dálítið aumir og bakið þreytt eftir bakpokann sem einhvern veginn þyngdist þegar leið á daginn.


Allskonar dásemdar verk, listafólk og vörur urðu á vegi höfundar þá þrjá daga sem sýningin var heimsótt. Allt var





Myndir úr starfi





EUROPEAN QUILT ASSOCIATION

„Boundaries“ Mörk (innan/utan marka)

Verk hvers lands verða hengd upp á sýningu FOQ 2018

Reglur:

1. **Stærð:** Breidd 35 sm og hæð 50 sm (portrait).
2. **Gerð:** Bara framhlið sýnileg.
3. **8 verk frá hverju landi.**
4. **Kantar:** Engir sýnilegir kantar eða sikksakk saumar. Tilvalið að sauma saman og snúa síðan við og loka með handsaumi.
5. **Upphengi:** 10 sm upphengi skal sauma á bakhlið verksins 1 sm fyrir neðan efri brún og 1 sm frá hvorri hlið.
6. **Merking:** Verkin skulu merkt með nafni, heimilisfangi og nafni verksins á upphengi með permanent penna.
7. Nota má hvaða aðferð sem er við gerð verksins. Það á að vera í þremur lögum, framhlið, vatt og bakhlið. Rammar eða gler er ekki leyfilegt.
8. Samsýning EQA ber heitið: „Boundaries“ og verður sýnd á bútasauumshátíðinni (Festival of Quilts) í Birmingham 2018. Mögulega verða verkin send á milli aðildalanda EQA á næstu tveimur árum en að þeim tíma liðnum verður þeim skilað til eigenda sinna.
9. Allir félagar Íslenska bútasauumfélagsins mega senda stjórn félagsins verk sem valið verður úr án nokkurs þátttökugjalds. Verkin eru ekki til sölu.
10. Öll verkin eru tryggð fyrir lága fjárhæð meðan á sýningu stendur og vegna flutnings fram og til baka. Glatist verk eða skemmist er félagið ekki bótaskyld.
11. Umsóknin ásamt góðri mynd af verkinu á að berast stjórn Íslenska bútasauumfélagsins **fyrir aðalfund**.
12. Hvert aðildarfélag innan EQA velja sextán verk til þessara samsýningar.
13. Ljósmyndir af verknum kunna að vera notaðar í auglýsingaskyni.
14. Hvert aðildarland verður að senda **8 verk á þessa sýningu**.



EUROPEAN QUILT ASSOCIATION

„Þræðir án marka“

Verk hvers lands verða hengd upp á sýningu FOQ 2019 og á sýningar í Sitges og Alsace

Þræðir án marka:

Árið 2019 mun EQA halda upp á 30 ára afmæli. Af því tilefni og til að leggja áherslu á samvinnu félaganna innan EQA er lagt til að hvert land sendi sex verk á sýningu sem hefur yfirskriftina „Threads without borders“ **Þræðir án marka**. Má túlka eins og hver vill. En hugmyndin kemur til vegna þeirra umróta sem eru innan Evrópu þessa dagana.

Eftir sýninguna í Birmingham verður verkunum skipt í tvo hópa sem munu á árinu ferðast um Evrópu á ýmsar sýningar þar, meðal annars til Sitges og Alsace.

Stærð: Breidd 80 cm og hæð 120cm. Sömu reglur gilda fyrir þetta og áskorendaverkin. Hvert land sendir sex verk.

Ef mörg verk berast þarf að kjósa um þau.

Þátttaka beggja verkefnanna tilkynnist á figurbjorg@gmail.com



Ailsa Craig Quilt and Fibre Arts Festival Presents

ICELAND

land of ice and lights

MAY 21-26 2018

10^{am} - 5^{pm} Monday - Friday

10^{am} - 4^{pm} Saturday



WORKSHOPS WITH TEACHERS FROM ICELAND
MERCHANT MALL • QUILTERS' CAFÉ
EXHIBITION OF OVER 100 QUILTS

SATURDAY, MAY 26 • 10^{AM} - 4^{PM}

Viking Village reenactments with living history displays

AILSA CRAIG RECREATION CENTRE

155 Annie Ada Shipley Street • Ailsa Craig • Ontario

Admission \$10 • Youth (13-21) \$5 • Children FREE

For more info visit us at ailsacraigquiltfestival.ca